

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, Hamranes - áfangar 1 og 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin er fólgin í því að 1. áfangi Hamranessvæðis stækkar úr 13,8 ha í 25,4 ha og 2. áfangi Hamranessvæðis minnkar úr 22,4 ha í 15,7 ha með því að austurjaðar 1. áfanga Hamraness færast til austurs, vesturjaðar færast til austurs og austurmörk 2. áfanga íbúðarsvæðisins færast til vesturs. Afmarkað er 4,4 ha stofnanasvæði fyrir skóla og leikskóla milli 1. og 2. áfanga við norðurmörk svæðisins. Þá er hverfisverndarsvæði sunnan skólalóðar afmarkað og óbyggt svæði stækkar upp á norðurrana grjótnámu. Tenging 1. áfanga Hamraness við Ásvallabraut verður á tveimur stöðum. Fjöldi íbúða verður 255 í fjölbýli, 47 í rað- og parhúsum og 44 í einbýlishúsum, alls 346 íbúðir.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2009